

i eru bónusvextir samkvæmt formúlunni

$$i = \frac{2 \cdot I}{A + B - I} - 0,005$$

A er heildarskuldir + eigið fé samkvæmt ársreikningi í upphafi reikningsárs.

B er heildarskuldir + eigið fé samkvæmt ársreikningi í lok reikningsárs.

I er nettó fjármunatekjur samkvæmt ársreikningi að frádregnum afskriftum á iðgjöldum og kröfum.

$$HB2 = \sum_v K_v - \sum_\zeta K_\zeta$$

K_v eru skuldbindingar fyrir tryggingar sem eru í gildi í byrjun reikningsársins eða tóku gildi á reikningsárinu reiknaðar fyrir lok reikningsársins samkvæmt tryggingagrunninum.

K_ζ eru skuldbindingar fyrir tryggingar sem eru í gildi í lok reikningsársins reiknaðar samkvæmt tryggingagrunninum.

HB3 = kostnaðarpáttur iðgjalda ársins - kostnaður ársins.

- b. Allar váttryggingar taka þátt í bónus samkvæmt þessum reglum nema ef um séreign er að ræða, þá er henni haldið fjárhagslega aðskilinni.
- c. Bónus ársins vegna hvers sjóðfélaga er gefinn sem

$$B_j = \frac{B1}{\sum_i V_i} \cdot V_j + \frac{B2}{\sum_i [S_i - V_i]} \cdot [S_j - V_j] + \frac{B3}{\sum_i p_i} \cdot p_j$$

V er nettósjóður samkvæmt tryggingagrunninum í lok reikningsársins.

S er fjárhæð réttinda í lok reikningsársins.

p er ársiðgjald fyrir reikningsárið.

B1 er heildarbónus vegna ávöxtunar (að minnsta kosti 70% af HB1).

B2 er heildarbónus vegna áhættu (að minnsta kosti 70% af HB2).

B3 er heildarbónus vegna kostnaðar (að minnsta kosti 70% af HB3).

Summa af i er summa fyrir alla sjóðfélaga sem njóta tryggingaverndar.

- d. Heildarbónus B1 + B2 + B3 í hverjum tryggingaflokki má ekki vera minni en 0.

Með tilvísun til laga nr. 55/1980 staðfestist reglugerð þessi hér með.

Fjármálaráðuneytinu, 30. júní 1998.

F. h. r.

Áslaug Guðjónsdóttir.

Margrét Gunnlaugsdóttir.

AUGLÝSING

um óverulegar breytingar á deiliskipulagi Hulduhlíðar í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt óverulegar breytingar á deiliskipulagi Hulduhlíðar. Breytingin felst í því að byggingarreitum fjölbýlishúsa B er breytt og íbúðum er fjölgað úr 8 í 10 og fellur úr gildi áður staðfest deiliskipulag.

13. október 1998

1943

Nr. 611

Skipulagið hefur fengið meðferð skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 og skipulagsreglugerð nr. 318/1985 með síðari breytingum. Skipulagsbreytingin hefur verið send Skipulagsstofnun sem ekki gerir athugasemdir.

Breytingin öðlist gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Mosfellsbæ, 13. október 1998.

Jóhann Sigurjónsson, bærarstjóri Mosfellsbæjar.

13. október 1998

Nr. 612

AUGLÝSING

um deiliskipulagi í landi Akra.

Bærarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt deiliskipulag fyrir land Akra og Hvamms í Mosfellsbæ

Skipulagið hefur fengið meðferð skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 og skipulagsreglugerð nr. 318/1985 með síðari breytingum. Skipulagsbreytingin hefur verið send Skipulagsstofnun sem ekki gerir athugasemdir.

Breytingin öðlist gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Mosfellsbæ, 13. október 1998.

Jóhann Sigurjónsson, bærarstjóri Mosfellsbæjar.

13. október 1998

Nr. 613

AUGLÝSING

um óverulegar breytingar á deiliskipulagi Blómvangs í Mosfellsbæ.

Bærarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt óverulegar breytingar á deiliskipulagi Blómvangs, vegna lóðanna Reykjamelis 15-19. Breytingin felst í því að byggingarreitum er breytt og hús lækkuð frá upphaflegu skipulagi og fellur úr gildi áður staðfest deiliskipulag frá 20. júní 1998.

Skipulagið hefur fengið meðferð skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 og skipulagsreglugerð nr. 318/1985 með síðari breytingum. Skipulagsbreytingin hefur verið send Skipulagsstofnun sem ekki gerir athugasemdir.

Breytingin öðlist gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Mosfellsbæ, 13. október 1998.

Jóhann Sigurjónsson, bærarstjóri Mosfellsbæjar.